

# Mannréttindafræðsla og önnur mennta- og fræðslusvið

## Heimur mannréttinda

Mannréttindi snerta líf okkar hvert sem lítið er. Í rauninni má rekja næstum hvert einasta vandamál í heiminum nú á dögum til mannréttindabrot, sem tengjast ofbeldi, fátækt, hnattvæðingu, umhverfismálum, efnahagslegum ójöfnuði og lögleysu. Svo að ekki sé minnst á stríð og átök sem eru að leggja sum svæði jarðarinnar í auðn.

Þó að mannréttindi, í upphaflegum skilningi, takmörkuðust aðallega við hið borgaralega og stjórn málalega svið er nú viðurkennt að þau verða einnig að taka til félagslegra, menningarlegra og efnahagslegra þátta. Nú á dögum er jafnvel talað um þriðju kynslóð réttinda þar sem tekið er mið af „réttindum allra“ og málum sem snerta framtíðarkynslóðir mannkyns. Allt þetta hefur veruleg áhrif á starf kennarans: það merkir að öll fræðsla sem snýst t.d. um málefni eins og hnattvæðingu, umhverfið, frið og þvermenningarleg tengsl er mannréttindafræðsla í einhverri mynd. Þar er fengið við mannréttindamál og reynt að skapa menningu þar sem mannréttindi eru virt.



**Hverjar hafa verið helstu breytingar í landi þínu undanfarin tuttugu ár á sviði mannréttinda?**

Í þessari handbók er reynt að fjalla um öll þau svið sem tengjast mannréttindamálum. Hér verður fjallað um það hvernig mörg, ef ekki flest, þessara mála, tengjast annars konar fræðslu, svo sem þróunarfræðslu, friðarfræðslu, umhverfismennt, fræðslu um borgaravitund o.s.frv. Allir sem fást við slíka fræðslu í einhverri mynd ættu að finna mikilvægar spurningar í þessum kafla.

## Hvað er „mannréttindamál“?

Hér um bil öll mál sem snúast um brot á réttindum má skilgreina sem mannréttindamál. Alþjóðasamfélagið viðurkennir nú þrjár „kynslóðir“ réttinda sem taka til mismunandi sviða mannglegra athafna:

### Réttindi fyrstu kynslóðar (réttur til frelsis)

Í þeim felast borgaraleg og stjórn málaleg réttindi, svo sem rétturinn til tjáningarfrelsis, rétturinn til félagafrelsis, rétturinn til lífs, rétturinn til sanngjarnrar málsmeðferðar, til stjórn málaþátttöku í samfélaginu o.s.frv. Um þessi mál (þó ekki eingöngu þessi mál) er hefð að fjalla í hinu formlega menntakerfi með fræðslu um borgaravitund, þjóðfélagsfræði/samfélagsfræði, stjórn málafræðslu/fræðslu um lýðræði eða fræðslu um lagaleg málefni.

### Réttindi annarrar kynslóðar (réttur til jöfnuðar)

Í þeim felast félagsleg, efnahagsleg og menningarleg réttindi, svo sem rétturinn til viðunandi lífskjara, til vinnu, til að vera í stéttarfélagi og til heilbrigðis og menntunar. Í hinu formlega mennta-

„Réttindi allra manna eru skert þegar réttindum eins manns er ógnað.“

John Kennedy

kerfi eru þessi svið þó oft vanrækt. Um þessa þætti er til dæmis sjaldan fjallað í fræðslu um efnahagsmál, þó að margt mæli með að það sé gert. Stundum er tekist á við þá í „duldu námskránni“, það er í ýmiss konar óformlegri starfsemi sem fram fer í skólum eða æskulýðshópum eða öðrum slíkum hópum sem starfa undir forystu leiðbeinenda, eða í fræðslu um félags- og heilbrigðismál. Þó fer vaxandi skilningur á því, og það með réttu, að réttindi annarrar kynslóðar séu jafnmikilvæg borgurunum og réttindi fyrstu kynslóðar, sem hefð er fyrir að viðurkenna.

### Réttindi þriðju kynslóðar („réttindi allra“)

Þessi réttindi eru einnig kölluð „nýtilkomin“ réttindi því að þau eru enn að öðlast viðurkenningu og skilning. Þau vísa til sameiginlegra réttinda samfélags eða þjóða – svo sem réttarins til sjálfbærrar þróunar, til friðar eða til heilsusamlegs umhverfis. Á stöðugt fleiri sviðum menntunar er sérstaklega hugað að þessum réttindum, til dæmis í umhverfisfræðslu, friðarfræðslu og þróunarfræðslu.

(Nánari upplýsingar um mismunandi kynslóðir réttinda má finna í 4. kafla)



**Hafa einhver mál sem þú hefur fjallað um í þínum hópi verið mannréttindamál?**

## Málefni sem fjallað er um í bókinni

Bókin er grundvölluð á sextán málefnaflokkum sem tengjast mannréttindum og hver þeirra tengist beint einni eða fleiri kynslóðum mannréttinda.

- Almenn mannréttindi
- Börn
- Borgaravitund
- Lýðræði
- Mismunun og útlendingahatur
- Menntun
- Umhverfismál
- Jafnrétti kynja
- Hnattvæðing
- Heilbrigði
- Mannöryggi
- Fjölmíðlar
- Friður og ofbeldi
- Fátækt
- Félagsleg réttindi
- Íþróttir

Ekkert þessara málefna er að neinu leyti mikilvægara en önnur. Raunar eru þau svo ná-tengd innbyrðis að umfjöllun um eitthvert eitt þeirra hlýtur að tengjast öðru. Þetta má rekja beint til þeirrar staðreyndar að mannréttindi eru *ódeilanleg, gagnvirk og samtvinnuð*: ekki er hægt að fjalla um nein mannréttindi sem einangrað fyrirbæri því að öll tengjast þau meira eða minna og með ýmsu móti.

Skýringarmyndin á næstu blaðsíðu lýsir þessari gagnvirkni. Þetta hefði mátt sýna öðruvísi: ysta hringnum hefði mátt raða aftur nokkurn veginn af handahófi en samt mátt greina tengsl. Málefni í ysta hringnum renna hvert saman við annað, rétt eins og menntunarsviðin í mið-hringnum fléttast saman. Meira að segja skiptingin í fyrstu, annarrar og þriðju kynslóðar mannréttindi er ekki skýr. Menntun er t.d. yfirleitt flokkuð sem annarrar kynslóðar réttindi en menntun er jafnauðsynleg í virkri stjórn málaþátttöku (fyrstu kynslóðar réttindi) og hún er í sjálfbærri þróun (þriðju kynslóðar réttindi).

Því verður að líta á eftirfarandi greiningu sem eina af mörgum mögulegum lýsingum, en hún bregður nokkru ljósi á það hversu nátengdir þessir mismunandi málefnaflokkar eru mörgum menntunarsviðum og hvernig þau svið skarast.



„Mesta meinið í heiminum núna er sinnuleysi. Að vita en aðhafast ekkert er að samþykka óréttlætið. Jörðin er orðin mjög lítill staður. Það sem gerist í öðrum löndum snertir okkur.“

Elie Wiesel

## Fræðsla um lífsgildi / Fræðsla um siðferði

Fræðsla um lífsgildi er einnig almennur þáttur námskrár í ýmsum löndum, en vekur oft upp tvær grundvallarspurningar: um hvaða gildi á að fræða í slíkri kennslu, og hvernig við getum verið viss um að þessi gildi skipti ekki eingöngu máli í okkar eigin menningarheimi. Þetta eru vandamál sem margir leiðbeinendur á þessu sviði standa frammi fyrir, og mannréttindi eru hentug leið til að takast á við þau. Mannréttindi eru ekki einungis byggð á lífsgildum sem öll stærstu trúarbrögð og menningarsvæði eiga sameiginleg, heldur viðurkenna nær öll lönd í heiminum að þau séu algild. Ekki er hægt að gagnrýna neinn fyrir að boða lífsgildi mannréttinda!

## Hnattræn menntun

Hnattvæðing er mál sem er mörgu ungu fólki ofarlega í huga og hún er eitt þeirra málefna sem fjallað er sérstaklega um í þessari bók. Hnattræn menntun snýst yfirleitt um það að kanna mismunandi tilvistarform og hegðunarmynstur um hnöttinn allan. Slík menntun er mikilvæg því að þar er ekki eingöngu litið á stöðu einstaklingsins í hans eigin samfélagi eða þjóðfélagi, heldur í heiminum öllum. Hana má nota til að varpa fram fjölda spurninga sem tengjast mannréttindum og geta orðið til þess að opna augu fólks fyrir mannréttindabrotum sem eru framin víðsvegar á jörðinni. Hnattræn menntun gerir ungmennum kleift að meta áhrif eigin athafna og íhuga ábyrgð sína sem einstaklinga.

Stofnunin um hnattræna menntun (Institute of Global Education), sjálfseignarstofnun á vegum Sameinuðu þjóðanna, var sett á laggirnar 1984 sem Heimsfriðarháskólinn (World Peace University). Stofnunin lýsir því sem tilgangi sínum „að leggja sitt af mörkum við að skapa heim þar sem allir búa við frið og næga fæðu, þar sem ábyrgð er tekin á umhverfinu, þar sem félagslegt réttlæti ríkir og þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín til fulls í samfélagi sem grundvallast á samvinnu.“

## Þvermenningarleg menntun

Náin tengsl eru milli hnattrænnar menntunar og þvermenningarlegrar menntunar, en þar er fjallað um samskipti okkar við aðra menningarhópa, samfélög og samfélagshópa. Öll samfélög nútímans einkennast af stigvaxandi fjölmenningu og menningarlegri fjölbreytni og það gerir viðurkenningu á réttindum minnihlutahópa og virðingu fyrir þeim æ mikilvægari. Endurmeta verður gamlar hugmyndir um samfélög þjóða sem menningarlega einsleitir heildir: samruni Evrópu og aukin efnahagsleg og félagsleg tengsl ólíkra svæða heimsins hafa gert slíkar skilgreiningar úreltar. Jafnvel í þeim heimshlutum þar sem ekki á sér stað verulegur innflutningur fólks má oftast en ekki rekja ríkjandi ágreining til skilningsleysis milli ólíkra þjóða eða á ólíkum lífsháttum innan sama þjóðfélags. Deilurnar á Norður-Írlandi, í fyrrverandi Júgóslavíu og sums staðar í Kákasuslöndunum eru sorgleg dæmi um vandamál sem geta skapast þegar menn virða ekki aðra menningarhópa og vilja ekki búa með þeim.

Þvermenningarleg menntun er einnig skilvirk leið til að ráðast gegn kynþáttahatri, kynþáttamisrétti og umburðarleysi nútímans.

Æskulýðs- og íþróttadeild Evrópuráðsins hefur, einkum fyrir tilstilli æskulýðsmiðstöðva Evrópu og æskulýðssjóðs Evrópu, beitt sér mjög fyrir þvermenningarlegri menntun. Herferðinni „All Different All Equal“ gegn kynþáttahatri, útlendingahatri, gyðingahatri og umburðarleysi var hrint í framkvæmd til að ráðast gegn vaxandi óvild og umburðarleysi í garð minni-

Öll ólík en ekki ónæm!

hlutahópa. Með herferðinni sjálfri var reynt að „þjappa fólki saman og vekja sérstaka athygli á baráttunni gegn umburðarleysi í öllum sínum myndum“.

Námsefnið „All Different All Equal“, var tekið saman til að þeir sem starfa að æskulýðsmálum og kennarar gætu lagt herferðinni lið. Þar voru tilgreindar tvær meginleiðir í þvermenningarlegri fræðslu:

- að gera ungmennum kleift að greina ójafnrétti, óréttlæti, kynþáttahatur, staðalmyndir og fordóma, og
- að veita þeim þekkingu og hæfni sem nýtist þeim til að ráðast gegn slíku og knýja á um breytingar hvenær sem þau verða vitni að því í samfélaginu.

Einnig hefur verið stuðst við viðfangsefni og meginreglur þvermenningarlegrar menntunar með ýmsum hætti í fræðslu um mismunandi menningu, en það er hugtak sem algengara er að nota utan hins formlega skólakerfis, einkum í æskulýðsstarfi í Evrópu.

## Fræðsla gegn kynþáttahatri

Í fræðslu gegn kynþáttahatri er gengið út frá þeirri forsendu að við búum í fjölmennningarlegu og lýðræðislegu samfélagi þar sem allir borgarar eiga rétt á jöfnuði og réttlæti. Samt er í þessari fræðslu gert ráð fyrir þeirri staðreynd að kynþáttahatur og skyld viðhorf megi finna í öllum nútímapjöðfélögum og það geti haft skaðleg áhrif á ungmenni, einkum þau sem tengjast tilteknum minnihlutahópum, bæði í þá veru að reynsla þeirra af skólakerfinu verði neikvæð og að dregið sé úr möguleikum þeirra síðar á ævinni. Með fræðslu gegn kynþáttahatri er reynt að sporna gegn allri hegðun, málnotkun og venjum sem einkennast af kynþáttahatri, bæði meðal einstaklinga og í stofnunum, og efla almenna vitund um skaðleg áhrif kynþáttahaturs í nútímasamfélagi. Markmiðið er að stuðla að því að til verði gagnvirkt samfélag margra kynþátta þar sem öll borgaraleg réttindi eru virt og varin.

## Þróunarfræðsla

Þróunarfræðsla er nátengd hnattrænni fræðslu en lögð er sérstök áhersla á réttindi þriðju kynslóðar, svo sem sjálfbæra þróun og rétt á heilsusamlegu umhverfi og friði.

Þar er einnig lögð mikil áhersla á mál sem snerta gagnkvæm áhrif ólíkra samfélaga og þróunaraðferðir, og þess vegna er tenging í skýringarmyndinni við þvermenningarlega menntun. Þróunarfræðsla er því heildstæð í þeim skilningi að hún byggist á þeirri sýn að heimurinn sé ein samtengd heild, og hún beinist að framtíðinni.

Þróunarfræðslusamtökin (Development Education Association) eru bresk stofnun sem hefur starfað á þessu sviði í næstum tíu ár. Þar er þróunarfræðsla skilgreind sem ævilangt nám sem:

- fjallar um tengslin milli fólks sem býr í „þróðu löndunum“ í norðri og í „þróunarlöndunum“ í suðri, og gerir fólki kleift að átta sig á tengslunum milli eigin lífs og lífs fólks um allan heim,
- eykur skilning á þeim efnahagslegu, félagslegu, stjórnmálalegu og umhverfislegu öflum sem móta líf okkar,
- þróar þá færni, viðhorf og gildismat sem gerir fólki kleift að vinna saman að því að koma á breytingum og taka stjórn á eigin lífi.

„Í þvermenningarlegri menntun felast aðferðir til að uppgötva gagnkvæm tengsl og rífa niður múra.“

Námsefnið „All different—all equal“

„Menntun á að styrkja andlegan og tilfinningalegan þroska einstaklingsins. Hún á að skapa tilfinningu fyrir félagslegri ábyrgð og samstöðu með hópum sem takmarkaðri réttinda njóta og á að verða til þess að reglur um jöfnuð séu virtar í daglegum athöfnum.“

Tilmæli UNESCO um menntun sem eflir skilning milli þjóða, samvinnu og frið, og fræðslu sem snertir mannréttindi og grundvallarfrelsi.

„Það er engin leið til friðar.  
Friður er leiðin.“

M. K. Gandhi

## Umhverfismennt

Leitin að leiðum til sjálfbærrar þróunar er einn aðaltilgangur þróunarfræðslu og vekur eðlilega spurningar um framtíðarástand umhverfisins.

Í þessu samhengi þarf að íhuga spurningar um frekari efnahagslegar framfarir, einkum í þróunarlöndunum, í ljósi kostnaðarins fyrir mannkynið og náttúruna í heild. Markmiðið með umhverfisfræðslu er að vekja athygli almennings á þessum spurningum og hvetja til aukinnar varúðar og tillitssemi við náttúruauðlindir heimsins.

Þetta tengist einnig spurningum um mannréttindi. Þar sem líf mannkyns er háð heilsusamlegu og sjálfbæru umhverfi hljóta umhverfismál að verða í fyrirrúmi ef tryggja á mannréttindi fólks um heim allan sem og komandi kynslóða. Nú á dögum tala jafnvel sumir um að við-urkenna þurfi opinberlega sérstakan rétt umhverfisins.

## Friðarfræðsla

Náttúruauðlindum þessa heims hefur ekki verið jafnt skipt. Þær hafa verið, og verða án vafa áfram, ein af orsökum hatrammra átaka milli ólíkra einstaklinga og samfélaga. Orsakirnar eru, því miður, margar aðrar. Þeir sem vinna að friðarfræðslu kunna að hafa áhuga á sanngjarnari eða skynsamlegri leiðum til að skipta auðlindum jarðar svo að stöðva megi sum þessara átaka, en líklegri er að þeir beini sjónum fyrst og fremst að átökunum sjálfum, einkum og sér í lagi heildarafleiðingum þeirra. Friðarfræðsla er byggð á hugmynd um frið sem felur í sér meira en einungis það að vera laus við stríð; að friði er eingöngu hægt að stuðla með því að leita að réttlæti og með því að skilja það kerfi sem liggur að baki arðráni og óréttlæti.

Fæsta þarf að sannfæra um þörfina á friðarfræðslu, í því skyni að öðlast betri skilning á árekstrum, fá þjóðir til að virða hver aðra svo að minni hætta verði á heiftarlegum átökum, og til að öðlast þá hæfni að geta breytt eldfimu ástandi í friðsamlegt. Það sem heimurinn þarf er raunhæfur réttur til lífs öllum til handa og sönn virðing fyrir öllum mönnum, einnig þeim sem hefur orðið eitthvað á. Fræðsla sem stuðlar að umburðarlyndi, eykur skilning á mismunandi menningu og, umfram allt, fræðsla um algildi grundvallarmannréttinda hlýtur að vera mikilvæg leið að þessu marki.

Tímabilið 2001–2010 er yfirlýstur alþjóðlegur áratugur helgaður friðarmenningu og aðgerðum gegn barnaofbeldi í heiminum (UN Doc A/RES/53/25). Á vegum Alþjóðlegu friðarrannsóknarsamtakanna (Peace Research Association), sem komið var á fót með stuðningi UNESCO, starfar svokölluð friðarfræðslunefnd sem leiðir saman kennara sem vinna í þágu friðarmenningar.

## Fræðsla um lagaleg málefni

Þetta er kannski „formlegasta“ fræðslusviðið sem fjallað hefur verið um fram að þessu, en fræðsla sem tengist lagalegum málefnum snýst ekki eingöngu um ríkjandi lagasetningar, heldur einnig það að skapa virðingu fyrir réttarríkinu og þeim grundvallarreglum um réttlæti sem settar eru fram í alþjóðlegu mannréttindasamningunum.

Mannréttindi og fræðsla um lagaleg málefni geta tengst á tveimur sviðum: annars vegar í tilteknum „lagalegum“ réttindum sem vernda einstaklinginn gegn ósanngjarnri málsmeðferð og hins vegar á sviði alþjóðalöggjafar. Stofnanir Sameinuðu þjóðanna, Mannréttindadómstóll Evrópu og aðrar slíkar stofnanir eiga að vernda mannréttindi okkar, en fólk þarf að þekkja til þeirra og nýta sér þær ef þær eiga að hafa áhrif í þessa veru. Þær munu ekki leita okkur uppi.